

Símafundur í Svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs – vestursvæði, haldinn 31.mars 2010 klukkan 17.00.

Mættir: Elín Heiða Valsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Leifur Þorsteinsson, Ólafía Jakobsdóttir, og Sigurður Skúlason. Erla Ívarsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Eiríksdóttir, Kári Kristjánsson, og Snorri Baldursson.

Fundargerð ritaði Eydís Þ. Indriðadóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Rætt um afstöðu svæðisráðsins til þess hvort verndarflokkun þjóðgarðsins á Vestursvæði fellur undir verndarflokk II, skv. skilgreiningu IUCN.

Tilgangur og markmið núverandi vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs falla í höfuðdráttum að meginmarkmiðum verndarflokks II hjá IUCN. Þó þarf að kanna nánar gildi þess að sérlega viðkvæm og/eða vísindalega mikilvæg svæði innan vestursvæðisins verði sett í IUCN verndarflokk 1a („algert náttúrufríðland“) eða verndarflokk 1b (“verndaðar óbyggðir/víðerni”). Í ljósi áforma um stækkun þjóðgarðsins í náninni framtíð, m.a. þannig að hann nái yfir svæði þar sem meiri sauðfjárbætur viðgengst en innan núverandi marka, er einnig nauðsynlegt að kanna kosti og galla þess að slík svæði færu í verndarflokk VI, frekar en verndarflokk II.

Leita þarf nánari ráðleggingar frá IUCN um þessi álitaefni og jafnframt taka ákvörðun um þau út frá þjóðgarðinum öllum, ekki vestursvæðinu eingöngu.

Þar til niðurstaða er fengin um ofangreind álitaefni er það tillaga svæðisráðsins að vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs verði stýrt skv. markmiðum verndarflokks II sem þjóðgarður.

3. Afstaða svæðisráðs til aksturs að hausti í gegnum Vonarskarð (utan snjóatímans)

Vinnuhópur sem starfaði fyrir svæðisráðið skilaði tveimur álitum um þetta mál(sbr.skýrslu hópsins). Þar var annarsvegar um að ræða bann við akstri í gegnum Vonarskarð, frá Svarthöfða að Gjóstu..(12 km. leið), eða tímabundna opnun á þeirri leið (frá 1.sept og fram á vor) Einnig hafa svæðisráðinu borist athugasemdir, í kjölfar kynningarfundar um Vendaráætlun, frá samtökum Útivistarfélaganna. Á kynningarfundum komu einnig fram ábendingar frá heimamönnum.

Svæðisráð leggur til að leyfður verði tímabundinn akstur frá 1. september og fram á vor um Vonarskarð austan Deilis og norður um áreyrarnar að Gjóstuklifi vestan Valafells. Ekki er gert ráð fyrir neinum vegabótum og leiðin aðeins hugsuð vel búnum farartækjum. Hluti slóðans máist út milli ára og hlutverk landvarða verður að vera að koma upp stikum á valinni leið ár hver áður en opnað er fyrir umferð.

Símafundur í Svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs – vestursvæði, haldinn 31.mars 2010 klukkan 17.00.

4. Afstaða til þess hvaða meginakstursleiðir eiga að vera innan þjóðgarðsins, norðan Tungnaár.

Tillaga svæðisráðsins er að eftirfarandi slóðar/vegir verði opnir innan þjóðgarðs norðan Tungnaár

- a. Jökulheimavegur*
- b. Bárðargata frá Jökulheimum að Svarthöfða*
- c. Vegur frá Jökulheimavegi að Þórisósi*
- d. Leið frá Jökulheimum að að jökli*
- e. Leið frá Svarthöfða að jökli*
- f. Tímabundin opnun um Vonarskarð*
- g. Hringleið að Dór*
- h. Hringleið um Heljargjá*

Áfram verður unnið að því að kortleggja umferð á svæðinu, með tilliti til þess verði tekin ákvörðun um merkingu/stikun einstakra leiða.

5. Afstaða til þess hvort banna eigi umferð á hestum í gegnum Vonarskarð.

Svæðisráðið leggur til að hestaumferð í gegnum Vonarskarð verði bönnuð, nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við þjóðgarðsvörð.

6. Afstaða til þess hvaða svæði verði skilgreind sem Víðerni innan vestursvæðisins.

Miðað við skilgreiningu um Víðernisflokk innan þjóðgarðsins telur svæðisráð eftirfarandi svæði falla að þeim viðmiðum:

Jökulhetta Vatnajökuls og þau nærsvæði sem uppfylla skilyrði um víðerni.

7. Önnur mál

- a) Stefnt að næsta fundi eftir páska til þess að fara yfir verndaráætlunina. Einnig lagt til að óskað verði eftir símafundi með ráðgjöfum frá Alta. Stefnt er á að halda fundina 12. apríl.*
- b) Vinnuhópur undir stjórn Kára Kristjánssonar, sem vinnur að tillögum að skipulagi á nærsvæði Langasjávar, óskar eftir heimild svæðisráðsins til þess að hafa samráð við hagsmunaaðila sem tengjast aðliggjandi afréttum. Svæðisráðið samþykkir beiðnina samhljóða.*
- c) Leifur Þorsteinsson fulltrúi Samút, gerir athugasemdir við uppbyggingaráform í Vonarskarði og ítrekar fyrri óskir sínar um að aðstaða fyrir ferðamenn og landverði verði byggð upp sem næst þeim stöðum sem eru áhugaverðir.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:30